

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð snyrtigreina	
Starfsheiti	Hársnyrtir	Löggilt iðngrein
Dagsetning	6. ágúst 2020	
Útgáfunúmer	1.0	

**Starfalyfing:**

Hársnyrtir klippir, litar, formar, mótar, greiðir, blæs, setur permanent og varanlega sléttun í hár og klippir og rakar skegg. Hársnyrtir útfærir hár beggja kynja – allt óháð hárlengd, hángerð og höfuðlagi. Hann velur vörur og áhöld og útfærir þjónustu á faglefum forsendum og miðar við þarfir og óskir viðskiptavina. Hann vinnur sjálfstætt en getur átt samvinnu við aðrar faggreinar um skipulag og samþættingu verkefna er varða hár og tísku, til dæmis í leikhúsi, sjónvarpi og sýningar. Hársnyrtir fer að lögum og reglum í starfi sínu og hefur tileinkað sér þjónustulund og fagvitund byggða á siðferðilegum grunni. Hann umgengst efni og áhöld með hliðsjón af öryggis- og varúðarráðstöfunum. Hann er virkur í faglefu starfi og hefur hæfni til að kynna sig og verk sín. Þekkir helstu atvinnusjúkdóma og leiðir til vinnuverndar. Hann tekur þátt í skipulagningu og kennslu nema á vinnustað

**Hæfnikröfur:**

Veitir persónulega ráðgjöf um meðferð og umhirðu hárs, hársvarðar, skeggs og notkun á hársnyrtivörum.

Tekur mið af andlitsfalli, líkamsbyggingu og persónuleika viðskiptavinar þegar þjónusta er veitt og tekur jafnframt fullt tillit til óska hans.

Greinir hár, hársvörð, getur vísað viðskiptavini til meðferðar hjá öðrum sérfræðingum í samræmi við eigin greiningu (frábending), þvæir hár og hefur vald á mismunandi nuddaðferðum.

Hefur vald á öllum klippiformunum og margskonar klippitækni fyrir dömur og herra.

Þekkir og beitir mismunandi aðferðum við permanent, sléttun, litun og litatækni.

Formar, klippir og rakar skegg.

Hefur kunnáttu á efnafræðilegum áhrifum og almennri meðhöndlun kemískra efna í hársnyrtiiðni.

Framkvæmir mismunandi útfærslur á blæstri og hárgreiðslum (dag-, kvöld-, brúðar-, gala-, tímabilagreiðslur og bylgjur).

Velur vörur og meðferð út frá faglefri þekkingu sinni og eiginleikum hárs.

Þekkir sögu hársnyrtigreinarinnar og síbreytilega tísku í aldanna rás, fylgist með tískustraumum og getur tileinkað sér þá.

Teiknar og útbýr verklýsingu í máli og myndum og vinnur eftir sinni eigin og annarra.

Þekkir og fer eftir lögum og reglugerðum um hreinlæti, sóttvarnir öryggi, vinnuvernd, forvarnir, réttindi og skyldur í hársnyrtiiðni.

Er fær um að veita aðstoð í bráðatilfellum og skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum.
Þekkir leiðir til sjálfbærni, lög og reglugerðir um umhverfisvernd, þekkir umhverfisvænar vörur og leiðir til að öðlast viðurkenningu sem umhverfisvænn hársnyrtir.
Sýnir viðskiptavinum, samstarfsfólki og umhverfi virðingu.
Er meðvitaður um mikilvægi þjónustulundar fyrir vinnustaðinn, og hefur tileinkað sér fag tengdar siðareglur, gætir trúnaðar í hvívetna og þekkir lög um persónuvernd.
Hefur færni í notkun upplýsingatækni tengt störfum í hársnyrtiiðn.
Vinnur eftir gæðaviðmiðum, þekkir mikilvægi öryggisvarna, helstu orsakir vinnuslysa og þær reglur sem gilda um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.